

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2016

**Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar.
Þingskjal 505 – 372. mál.**

Almennt um tillöguna

Í stefnu Bandalags háskólanna (BHM) segir að atgervisflótti háskólamenntaðra af íslenskum vinnumarkaði sé viðvarandi ógn og ítrustu árvekni skuli gæta til að forðast hann. BHM fagnar því öllum aðgerðum stjórnvalda til að bæta stöðu háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði. Efling nýfjárfestingar í íslensku atvinnulífi og samkeppnishæfni Íslands á sviði nýfjárfestinga er mikilvægur liður í því.


Heildarumgjörð háskólamenntaðra á vinnumarkaði

Í annarri grein athugasemda með tillögunni segir meðal annars að laða þurfi að vel menntað starfsfólk sem sækist eftir krefjandi og vel launuðum störfum. BHM bendir á að vinnumarkaður háskólamenntaðra er ein heild og því er mikilvægt að menntun sé metin til launa á öllum vinnumarkaði. Menntun er málefnaleg breyta þegar kemur að launamun og á stjórnvöldum hvílir rík skylda að stuðla að umhverfi sem gerir menntun sem fýsilegasta.

Í sögulegu samhengi hefur hagvöxtur á Íslandi að miklu leyti verið drifinn áfram af aukinni nýtingu náttúruauðlinda. Ljóst er að samkeppnishæfum lífsskilyrðum verður ekki haldið uppi á Íslandi til langframa á nýtingu takmarkaðra auðlinda. Einnig er ljóst að aukin menntun er einn af lykilþáttum þess að auka framleiðni í hagkerfinu hérlendis.

Í sjöttu grein athugasemda með tillögunni segir að nýfjárfestingar eigi að efla atvinnulíf sem boðið geti eftirsóknarverð störf fyrir vel menntað fólk og laun og kjör á borð við það sem best gerist í nágrannalöndunum. BHM hefur ítrekað bent á að gæta þurfi betur að samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að störfum háskólamenntaðra. Gögn Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD sýna að launamunur ófaglærðra og háskólamenntaðra er óvíða minni en hérlendis. Um leið og því er fagnað að stjórnvöld hyggist fjölga eftirsóknarverðum störfum með eflingu nýfjárfestinga verður ekki hjá því komist að hvetja stjórnvöld til að grípa til aðgerða til að bæta samkeppnishæfni núverandi starfa fyrir háskólamenntaða á vinnumarkaði.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir

formaður BHM



Sauðárkróki, 9. febrúar 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar, mál 372.

Bygðastofnun telur að stefnumörkun sem fram kemur í þingsályktuninni sé æskileg, en að hún þarfnist skýrari útfærslu. Heppilegt væri að skilgreining á nýfjárfestingu kæmi fram í sjálfri þingsályktuninni en ekki einungis í athugasemdum við hana. Einnig mætti vísa til skilgreiningar í lögum um ívilnanir til nýfjárfestingar á Íslandi nr. 41/2015 enda virðist þetta vera svipuð skilgreining og er þar.

Tryggja ber að markaðs- og kynningarstarfsemi stjórnvalda sé í samræmi við áherslur ályktunarinnar en ekki eru skilgreindar aðrar beinar aðgerðir. Í þessu sambandi má benda á að lög um ívilnanir til nýfjárfestingar á Íslandi heimila ýmis konar stuðning vegna fjárfestingarverkefna, þar á meðal byggðastuðning a ákveðnum svæðum landsins.

Margt af því sem talið er til styrkleika landsins er vissulega til staðar, en annað er á veikari grunni eins og flutningskerfi raforku og nettengingar við útlönd.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Bygðastofnunar.*



Reykjavík 5. febrúar 2016

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

372. mál 145. löggjafarþing

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að efla þurfi nýfjárfestingar í íslensku atvinnulífi og bæta samkeppnishæfni Íslands. Margvísleg skref hafa verið stigin til að skapa forsendur fyrir auknum nýfjárfestingum, ekki síst með skrefum í átt til losunar fjármagnshafta, greiningu á stöðu og samkeppnishæfni lykilatvinnugreina Íslands og einföldun regluverks og starfsumhverfis.

Næstu skref eru svo boðuð með samþykkt Ríkisstjórnar Íslands á tillögu og greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðherra um þingsályktun um stefnu um nýfjárfestingar. Í texta þingsályktunartillögunnar, greinargerð og þeim gögnum sem að baki liggja, er lagður grunnur að markvissri aðgerðaáætlun til að ná þeim markmiðum sem lagt er upp með.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur haft frumkvæði að stefnumótunarvinnunni sem leggur grunninn að efni í markmiðs- og aðgerðaáætlun til næstu ára um kynningar - og markaðsverkefni tengt beinni erlendri fjárfestingu og samstarfssamning milli ANR og Íslandsstofu þar um.

Meðal þess sem fylgt yrði sérstaklega eftir eru þær hugmyndir um eflingu alþjóðageirans í íslensku efnahagslífi sem settar voru fram í skýrslu ráðgjafar- og greiningafyrirtækisins McKinsey. Þar er bent á að nýjar atvinnugreinar verði að stækka og dafna til að standa undir vexti og hagsæld til frambúðar til viðbótar við þær mikilvægu stoðir sem sjávarútvegur, ferðaþjónusta og orkutengdur iðnaður eru.

Íslandsstofa styður heilshugar fram komna tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðherra að stefnumótun um nýfjárfestingar. Með henni yrði í fyrsta sinn unnt að skipuleggja markaðs- og kynningarstarf tengt beinum erlendum fjárfestingum til lengri tíma, en slíkt má telja eina mikilvægustu forsendu fyrir hámarks árangri í þessum efnunum.

Á fjárfestingarsviði Íslandsstofu hefur á undanförnum árum verið unnið í anda þeirra áherslna sem fram koma í þingsályktunartillögunni. Fjöldi greininga á samkeppnishæfni Íslands fyrir atvinnugreinar sem uppfylla þau gildi sem sett eru fram í stefnumótuninni hefur verið unninn og hafa niðurstöður staðfest að samkeppnishæfni landsins er á margan hátt góð og tækifæri til að laða að erlenda aðila hingað til lands á þessum sviðum ótvíræð, enda hefur fjölbreytni erlendra fjárfestinga vaxið hægt og bitandi á undanförnum árum sbr. fjárfestingar í gagnaverum, smápörungum, fiskeldi, lífrænni efnaframleiðslu osvfr.

Íslandsstofa lét haustið 2015 framkvæma úttekt á viðhorfi erlendra fjárfesta til staðsetningar á Íslandi. Um viðamikla könnun var að ræða þar sem haft var samband við 970 fyrirtæki. Einungis 10% fyrirtækjanna vildi svara könnuninni og var helsta ástæðan sú að þeir þekktu lítið til Íslands og höfðu því takmarkaðan áhuga á að svara. Svarhlutföll í sambærilegum könnunum fyrir önnur (Norðurlönd, Baltísku löndin) er á bilinu 20-25% að sögn þeirra sérfræðinga sem unnu könnunina. Þessi niðurstaða undirstrikar öðru fremur þörfina fyrir eflingu almenns markaðs- og kynningarstarfs á sviði beinna erlendra fjárfestinga í landi sem byggir á litlu en opnu hagkerfi, tiltölulega fábreyttu atvinnulífi og háu menntunarstigi.

Einstakar niðurstöður umræddrar könnunar eru síðan mjög mikilvægar fyrir skipulag markaðs- og kynningarstarfsins að öðru leyti og staðfesta í reynd að með aukinni og markvissri kynningu á Íslandi megi ætla að unnt sé að laða fyrirtæki þeirrar gerðar til landsins, sem að er stefnt í þingsályktunartillögunni og að fyrirtæki slíkrar gerðar væru tilbúin að setja hér upp starfssemi í eigin nafni eða í samstarfi við starfandi fyrirtæki hér á landi.

Íslandsstofa styður því heils hugar fram komna þingsályktunartillögu og lítur svo á að með henni skapist grundvöllur til langtíma stefnumörkunar fyrir markaðs- og kynningarstarf Íslandsstofu tengt beinum erlendum fjárfestingum.

Íslandsstofa hefur að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins lagt fram tillögur að markaðs- og aðgerðaáætlun og samstarfssamningi sem byggir á áherslum þingsályktunarinnar. Vonir eru bundnar við að þær hugmyndir verði grundvöllur að árangursríku markaðsstarfi á þessu sviði næstu árin.

Fyrir hönd Íslandsstofu,



Þórður H. Hilmarsson,
forstöðumaður erlendra fjárfestinga Íslandsstofu



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12.02.2016
Tilvísun vor: 2013-842 / 00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar, 372. mál

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar, þingskjal 505 – 372. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016. Landsvirkjun fagnar tillögunni og álitur hana geta stuðlað að skilvirkri og mikilvægri verðmætasköpun á Íslandi næstu ár. Landsvirkjun myndi gjarnan vilja sjá viðbætur við tillöguna, sér í lagi í athugasemdum við hana, sem lúta að nýfjárfestingu og málefnum tengdum orkuiðnaði.

Í 2. grein athugasemda, „Aukin fjölbreytni og afleidd innlend starfsemi“, er nefnt að „Lengi hafa vonir t.d. verið bundnar við að úrvinnsluiðnaður gæti skapast í kringum áliðnaðinn en minna hefur orðið um það en að var stefnt“. Hér mætti gjarnan bæta við að aukin fjölbreytni og afleidd innlend starfsemi er einnig möguleg tengd orkuiðnaði sjálfum, svo hann sé aðgreindur frá orkufrekum iðnaði og tekinn fyrir sérstaklega. Nýleg dæmi sýna að mikil nýsköpun er möguleg á grunni orkuiðnaðar svo sem við framleiðslu umhverfisvæns eldsneytis, véltækni, hugbúnaðar, neysluvara og snyrtivara auk á öðrum sviðum eins og ferðaþjónustu eins og starfsemi Bláa Lónsins er eitt helsta dæmið um.

Í 3. grein athugasemda er talað um alþjóðageirann. Hér mætti gjarnan gera það skýrara að alþjóðageirinn byggir oft á tíðum á þekkingu og innviðum sem fyrir finnast í landinu eins og í orkuvinnslu, sjávarútvegi, heilbrigðiskerfinu og annars staðar. Marel er gott dæmi um slíkt en vel mætti hugsa sér að Ísland eigi eftir að skapa „Marel orkuiðnaðar“ í framtíðinni en við sjáum í dag áhugaverð sprotafyrirtæki sem hafa þá sýn á framtíðina. Til að af þessu geti orðið þarf einnig að huga að áframhaldandi fjárfestingu og uppbyggingu þekkingar og innviða á þessum grundvallar sviðum íslensks efnahagskerfis.

Í 4. grein athugasemda er vitnað í orkufrekan iðnað og yfirfærslu þekkingar af hans völdum. Hér mætti gjarnan nefna orkuiðnað með sama hætti enda hefur hann ekki síður komið að gagni í þessum efnunum.

Í 6. grein mætti að lokum minnst á að nýfjárfestingar eigi einnig að styðja við frekari verðmætasköpun þeirra innviða og eigna sem atvinnulífið byggir á.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Atvinnuveganefnd
Jón Gunnarsson, form.
Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaform.
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2016

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar – Þingskjal 505 – 372. mál

Í framhaldi fundar með atvinnuveganefnd 19. febrúar s.l. leggja Náttúruverndarsamtök Íslands til að bætt verði við 7. áhersluatriðinu til eflingar nýfjárfestinga í íslensku atvinnulífi og samkeppnishæfni Íslands á sviði nýfjárfestinga.

7. sem taka mið af Parísarsamkomulaginu sem gert var á 21. fundi aðildarríkja Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í desember 2015.¹

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

Árni Finnsson.

¹ Að til langs tíma haldist hlýnun andrúmslofts jarðar vel undir 2°C að meðaltali, miðað við upphaf iðnbyltingar, með það að markmiði að takmarka hitnun andrúmsloftsins við 1,5°C.

a) Holding the increase in the global average temperature to well below 2 °C above pre-industrial levels and to pursue efforts to limit the temperature increase to 1.5 °C above pre-industrial levels, recognizing that this would significantly reduce the risks and impacts of climate change;

Sjá grein 2 í samkomulaginu. <https://unfccc.int/resource/docs/2015/cop21/eng/109.pdf>



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar - skjal nr. 505 - mál 372

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styðja þau megin sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni og þeim sex áhersluþáttum sem hún byggir á.

Í tillögunni er ekki gert grein fyrir nauðsynlegu umfangi og kostnaði við aðgerðir, en samtökin telja að þörf sé fyrir nokkra fjármuni í því sambandi ef skila á árangri.

Í ályktuninni kemur fram „að skýra þyrfti betur hlutverk og samstarf hlutaðeigandi aðila“ og að „gerðir verði samstarfssamningar við þar til bæra aðila um nánari útfærslur einstakra þátta“ á grundvelli þeirrar stefnu sem fram kemur í þingsályktuninni. Undir þetta taka samtökin benda m.a. á að útfæra þurfi áætlun í samræmi við áherslur í nýjum greinum og leggja til að sjónarmið þeirra verði styrkt með formlegri aðkomu.

Samtökin benda í þessu sambandi á nýja framtíðarsýn og stefnumótun Hátekni- og sportavettvangs sem starfræktur er í samstarfi SI og starfsgreinahópa í tækni- og hugverkaiðnaði við iðnaðarráðuneyti og önnur ráðuneyti.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styðja þingsályktunartillöguna og lýsa sig reiðubúin til þátttöku í framkvæmd áætlunar á grunni hennar enda séu tryggðir fjármunir til að hrinda henni í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



2. febrúar 2016
1601227

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um þskj. 505, 372. mál – tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar


Með tölvupósti dagsettum 27. janúar 2016 óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar.

Samkvæmt efni þingsályktunarinnar á Alþingi að álykta um að efla skuli nýfjárfestingar í íslensku atvinnulífi og samkeppnishæfni Íslands á sviði nýfjárfestingar.

Nýfjárfestingar og aðgerðir til að efla samkeppnisstöðu þjóðarbúsins eru mikilvægar og styður Seðlabankinn almennt viðleitni til að efla þær. Þó verður að gæta að því að aðgerðir á þessu sviði séu þannig útfærðar að þær stuðli að því að samsetning fjárfestingar sé sem eðlilegust með tilliti til ávinnings. Þingsályktunin tilgreinir hins vegar engar sérstakar aðgerðir sem grípa eigi til og því erfitt að veita nánari umsögn um hana.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar (372. mál)

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Með tillögunni er ályktað að efla skuli nýfjárfestingar í íslensku atvinnulífi og samkeppnishæfni Íslands á sviði nýfjárfestinga. Í því skyni verði lögð áhersla á nánar tilgreind nýfjárfestingarverkefni.

Viðskiptaráð fagnar þingsályktunartillögunni og tekur undir hana að mestu leyti enda telur ráðið brýnt að bæta innlent fjárfestingarumhverfi.

Vöxtur alþjóðageirans lykilviðfangsefni

Þingsályktunartillagan byggir meðal annars á úttekt á íslenska hagkerfinu sem ráðgjafarfirmakerfið McKinsey & Company gaf út árið 2012.¹ Sú úttekt hefur gert Íslendingum kleift að ræða framtíðaráskoranir og tækifæri íslenska hagkerfisins með markvissari hætti en áður og reynst ómetanlegt framlag í efnahagsumræðuna.

Í úttektinni kom fram að ein stærsta efnahagslega áskorun Íslands sé að styðja við vöxt alþjóðageirans, en hann var þar skilgreindur sem öll íslensk fyrirtæki sem starfa í alþjóðlegri samkeppni og byggja ekki starfsemi sína á nýtingu takmarkaðra náttúruauðlinda. Eigi Íslendingar að njóta batnandi lífskjara á komandi árum þurfa slík fyrirtæki að vaxa umtalsvert.

¹ McKinsey & Company (2012): „Charting a Growth Path for Iceland“. Slóð:
<https://www.forsaetisraduneyti.is/samradsvettvangur/gogn/skyrsla-mckinsey-charting-a-growth-path-for-iceland>

Í ljósi framangreinds tekur Viðskiptaráð sérstaklega undir með efni þingsályktunartillögunnar hvað varðar mikilvægi þess að alþjóðageiranum séu sköpuð hagfelld skilyrði þegar kemur að nýfjárfestingum. Samkeppnishæfur alþjóðageiri skilar margs konar efnahagslegum ávinningi fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga. Íslenskur markaður er afar smár í alþjóðlegum samanburði og því takmörkuð tækifæri til vaxtar innanlands. Heimsvelta sérhæfðra markaða getur verið mörgum sinnum meiri en samanlögð heildarvelta íslenskra fyrirtækja. Því bjóða alþjóðlegir markaðir upp á nær óþrjótandi tækifæri til vaxtar.²

Sóknarfæri til staðar


Mikil sóknarfæri eru til staðar þegar kemur að fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Þannig hefur bein erlend fjárfesting – mikilvægasti einstaki mælikvarði á umfang nýfjárfestingar – verið mun lægri hérlendis en á öðrum Norðurlöndum undanfarna áratugi (mynd 1).

Mynd 1

Ísland er eftirbátur annarra Norðurlanda þegar kemur að beinni erlendri fjárfestingu

Bein erlend fjárfesting

% af VLF (meðaltal 1994-2003)¹



¹ Notast var við árin 1994-2003 þar sem þetta eru árin milli þess sem Ísland gerðist aðili að EES og álversframkvæmdir Alcoa hófust í Reyðarfirði.

Heimildir: Seðlabanki Íslands; Viðskiptaráð Íslands

Hið opinbera þekki mörk sín

Af framangreindu er ljóst að hið opinbera ætti að leita þess að bæta umhverfi nýfjárfestingar hérlendis. Við mótun slíkra aðgerða er hins vegar mikilvægt að stjórnvöld þekki mörk sín. Þannig ættu stjórnvöld að einbeita sér að því að skapa sem hagfelld *almenn* skilyrði fyrir fjárfestingu í öllum atvinnugreinum í stað þess að veita tilteknum atvinnugreinum eða fyrirtækjum forskot umfram aðra.

Í því samhengi ættu stjórnvöld ekki að horfa til þess að móta matskennda stefnu um ívilnanir á grundvelli sumra þeirra hugtaka sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni, eins og innleiðingu nýrrar þekkingar eða afleiddrar innlendrar starfsemi. Þess í stað ættu þau að einblína á að skapa öllum fyrirtækjum hagfelld skilyrði til nýfjárfestinga burt séð frá framangreindum þáttum. Til lengri tíma er slík stefna hagfelldust fyrir bæði atvinnulíf og íbúa þar sem hún tryggir að einungis verði ráðist í fjárfestingarverkefni sem auka við verðmætasköpun.

² Nánari upplýsingar um alþjóðageirann á Íslandi má nálgast í upplýsingariti Viðskiptaráðs um uppbyggingu alþjóðageirans á Íslandi. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/1635/>

Tillögur Viðskiptaráðs til aðgerða

Viðskiptaráð hefur lagt fram tillögur til aðgerða sem ráðið telur vera til þess fallnar að styrkja forsendur nýfjárfestinga hérlandis – sérstaklega hvað varðar beina erlenda fjárfestingu. Hömlur á erlenda fjárfestingu eru enn miklar hérlandis en stjórnvöld geta ráðist í aðgerðir til að bæta þar úr. Leggur Viðskiptaráð til eftirfarandi:

- **Stefna:** Stjórnvöld móti skýra opinbera stefnu um beina erlenda fjárfestingu og dragi úr hömlum á fjárfestingu. Jafnframt að unnið verði að samræmingu regluverks fyrir erlenda fjárfesta í takt við það sem tíðkast í nágrannaríkjum.
- **Gjaldeyrismál:** Þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi gripið til undanþága frá gjaldeyrishöftum vegna nýfjárfestinga erlendra aðila þá ríkir enn mikil tortryggni meðal erlendra fjárfesta sem óttast að festa eignir sínar innan fjármagnshafta. Úr þessu mætti bæta með því að höft verði afnumin sem fyrst og þangað til reyni stjórnvöld að lágmarka áhrif þeirra á erlenda fjárfestingu, t.a.m. með aukinni upplýsingagjöf um nýfjárfestingarleið Seðlabankans og skýrum svörum við fyrirspurnum sem tengjast höftunum. Jafnframt væri til bóta að stefna verði innleidd í peningamálum sem miðar við að lágmarka gengisáhættu.
- **Smæð og fjarlægð:** Smæð innanlandsmarkaðar og fjarlægð frá stórum markaðssvæðum veldur skorti á stærðarhagkvæmni og háum flutningskostnaði. Erlend fyrirtæki sjá sér síður hag í að koma upp starfsemi hér á landi. Með því að leggja áherslu á að viðhalda góðum tengingum við alþjóðlega markaði má draga úr neikvæðum áhrifum sem smæð og afskekkt lega landsins hafa. Með tengingum er hér átt við flutninga á fólki, frakti og netgögnum.
- **Skattar og regluverk:** Tíðar skattabreytingar skapa óvissu og fæla fjárfesta frá. Úr þessu mætti í fyrsta lagi bæta með því að stjórnvöld fái alþjóðlegt viðurkennt fyrirtæki til að gera úttekt á íslensku skattkerfi og skattframkvæmd frá sjónarhóli fjárfesta og koma með tillögur til úrbóta. Í öðru lagi með því að stjórnvöld hraði vinnu um einfaldara og skilvirkara regluverk. Í þriðja lagi með því að fjölga gerð samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga.³

Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Frosti Ólafsson
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

³ Nánari umfjöllun um ávinning beinnar erlendrar fjárfestingar má nálgast í kynningu Viðskiptaráðs frá 2013. Slóð: <http://www.vi.is/malefnastarf/utgafa/kynningar/1601/>